

12. 12. 2012.

\*\*\*\*\*

STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND  
ALÞINGIS

\*\*\*\*\*

**BORGARATILLAGA**  
**UM BREYTINGU Á 42. GR. FRUMVARPS TIL**  
**STJÓRNSKIPUNARLAGA**

**MÁL NR. 415**

**Á 141. LÖGGJAFARÞINGI ÍSLENDINGA**

.....

**Greinin hljóði svo :**

**42. gr.**

**Einskjörgengisregla.**

**Kjörgengi telst til almennra mannréttinda á Íslandi.**

**Í þágu mannauðsvirkni Íslendinga skal kjörtími þeirra, sem gegna þjóðhöfðingjastarfi svo og þeirra, sem gegna löggjafar- og sveitarstjórnarstarfi vera fjögur ár.**

**Sá sem náð hefur starfskjöri verður ekki kjörinn til starfsins síðar.**

**SAMRÆMINGARTILLAGA :**

**Til stjórnskipunarsamræmis falli niður síðasta setning 79. greinar frumvarpsins svohljóðandi :**

**" Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil. "**

**FORSENDA TILLAGNANNA :**

**Á liðnum tíma hefur fengist reynsla af margkjörnum almannafulltrúum Íslendinga.**

**Margkjörnu fulltrúarnir hafa borið ábyrgð á óðaverðbólgu, spillingu innan stjórnkerfis og gjaldþroti þjóðarinnar.**

**Með tillögnum er stefnt að því að færa stjórnsmál nær almenningi.**

**Þess er vænst, að eins -kjörgengis- reglan muni hvetja hinn almenna borgara til frekari stjórnálahugsunar og þjóðin muni þannig, á nýjum atgervisforsendum, njóta fjölbreyttari og öflugri vitsmuna á samfélagsvettvangi framtíðar.**

.....  
Virðingarfyllst.

Björn Baldursson  
Bjarnarhöfn  
Grindavík.

\*\*\*\*\*